



Umsögn

Meiri hluta Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar um 130. mál, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar frá 22. október sl. þar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd er beðin um að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Baldur Erlingsson frá landbúnaðarráðuneyti, Sigríði Norðmann frá sjávarútvegsráðuneyti, Svein Runólfsson og Andrés Arnalds frá Landgræðslu ríkisins, Þórð Ásgeirsson frá Fiskistofu, Gunnlaug Guðjónsson frá Skógrækt ríkisins, Aðalstein Sigurgeirsson frá Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá og Jón Gíslason frá Landbúnaðarstofnun.

Nefndin fékk einnig til skoðunar umsagnir þeirra sem sendu inn umsagnir um málið til allsherjarnefndar auk viðbótargagna.

Í grundvallaratriðum varðar lögfesting frumvarpsins fjóra meginþætti sem snúa að málefna sviði sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar. Í fyrsta lagi verður matvælaeftirlit að frátöldu eftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaga falið einni stofnun, Landbúnaðarstofnun, sem mun fá nýtt heiti. Í öðru lagi verða menntastofnanir sem áður heyrðu undir landbúnaðarráðuneyti færðar til menntamálaráðuneytis. Í þriðja lagi verða landgræðslumál flutt til umhverfissráðuneytis og í fjórða lagi verða skógræktarmálefni flutt til sama ráðuneytis.

Við athugun nefndarinnar kom í ljós að málefni Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins hafa valdið stjórnendum þeirra stofnana áhyggjum vegna skiptingar málaflokka milli ráðuneyta. Þannig er gert ráð fyrir að fjármunir til verkefna eins og Bændur græða landið (BGL) sem hafa heyrt undir Landgræðslu ríkisins verða eftir í sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti á meðan önnur starfsemi stofnunarinnar flyst undir umhverfissráðuneyti. Þá verður málefnum skógræktar skipt upp þannig að skógrækt falli undir umhverfissráðuneyti, landshlutabundin skógræktarverkefni, sbr. lög 95/2006 falli undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og gert er ráð fyrir að fjármunir til rannsókna í skógrækt falli undir bæði ráðuneytin og að þau semji sameiginlega um rannsóknirnar. Þá var á það bent að skipting málaflokka milli ráðuneyta gerði stjórnsýslu erfiðari.

Meiri hlutinn telur skynsamlegt að fella matvælaeftirlit undir eitt ráðuneyti í stað þriggja áður en bendir á að enn eru mörg atriði óljós í tengslum við matvælaölggjöfina enda liggur fyrir að setja þarf ný heildarlög um eftirlit með matvælum á næstunni. Þá bendir meiri hlutinn á að finna þarf annað og betra heiti á þá stofnun sem fari með eftirlit með matvælum, dýraeftirlit, auk ýmiskonar rannsóknarstarfsemi. Jafnframt bendir meiri hlutinn á að við skipulag þeirrar

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARNEFND

stofununar þarf að hafa í huga ýmis atriði sem lúta að skilvirkni og einfaldaðri stjórnarsýslu.

Meiri hlutinn styður frumvarpið en beinir því til allsherjarnefndar að taka til athugunar þau atriði sem fram koma í umsögnum aðila og kanna hvernig unnt sé að einfalda stjórnarsýslu þótt málaflokkum sé skipt milli ráðuneyta. Jafnframt bendir meiri hlutinn á að þar sem verkefnið Bændur græða landið er eitt af mikilvægustu verkefnum Landgræðslunnar sé ástæða til að efla þá starfsemi enn frekar eftir breytingarnar. Loks vekur meiri hlutinn athygli á því að stór hluti rannsóknarverkefna innan skógræktar þjónar landshlutabundnum skógræktarverkefnum sem slíkum og þarf að taka tillit til þess.

Alþingi, 16. nóv. 2007

Arnbjörg Sveinsdóttir, form.
Kjartan Ólafsson
Helgi Hjörvar
Jón Gunnarsson
Karl V. Matthíasson



Einar Farestvítt
nefndarritari

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARNEFND